

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *5. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 9. september 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Kristjáni Yngvasyni, ósk um fráfall frá forkaupsrétti í Grand Hótel Mývatni ehf., var frestað á fundi 2. sept. sl.
3. Verkefni nefnda, var frestað á fundi 22. júlí sl.
4. Fundargerð Bygginganefndar dags. 6. sept.
5. Erindi frá Hermanni Emilssyni f.h. Landsvirkjunar.

Til kynningar:

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

1. **Fundarsetning.**
Oddviti setti fund og óskaði eftir að lið 5 yrði bætt á dagskránnu.
Samþykkt samhljóða.
2. **Erindi frá Kristjáni Yngvasyni, ósk um fráfall frá forkaupsrétti í Grand Hótel Mývatni ehf., var frestað á fundi 2. sept. sl.**

Með bréfi óskar Kristján Yngvason eftir að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti sínum að hlut í Grand Hótel Mývatni ehf. Vegna fyrirhugaðrar sölu á hlut Sigrúnar Jóhannsdóttur til sonar síns Yngva R. Kristjánssonar. Nánar tiltekið sölu á 46,93% hlutafjár að nafnvirði 65 milljónir. Í bréfinu kemur fram að söluverð bréfanna er kr. 6.500,-.

Í bréfinu kemur fram að þar sem Yngvi hefur séð um reksturinn undanfarin ár og borið á honum ábyrgð sé um eðlilega eignayfirfærslu að ræða með hliðsjón af því að haga eignarhaldi félagsins þannig að framtíðarhagsmunir þess verði sem best tryggðir. Þá beri þess að geta að samþykki hluthafar ekki að falla frá forkaupsrétti sínum mun ekki verða af sölunni.

Sveitarstjórn leggst ekki gegn sölunni sem slíkri, en getur hins vegar ekki samþykkt erindið þar sem hún telur að heildarvirði félagsins sé meira en tæpar 14.000- kr. Þannig yrði hlutur sveitarfélagsins að nafnvirði 3 milljónir, að 300,- kr. Sveitarstjórn telur eðlilegast sé að boðað til hluthafafundar vegna þessa.

3. Verkefni nefnda, var frestað á fundi 22. júlí sl.

Rætt um hlutverk nefnda. Samþykkt að útbúa erindisbréf fyrir hverja nefnd að Skólanefnd undanskildri. Stefnt er að því að drög að erindisbréfum liggja fyrir fyrir næsta fund

4. Fundargerð Bygginganefndar dags. 6. sept.

Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp

Liður 10.

201007048 – Erindi frá Eldá ehf. Helluhrauni 15, Skútustaðahreppi

Eldá ehf. sækir um leyfi til að setja niður 7,2 m² garðhús á lóðinni Reykjahlíð / Kringla 207074.

Byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við erindið.

Liður 11.

201009008– Erindi frá Kristjáni Einarssyni f.h. Landsvirkjunar hf.

Landsvirkjun, umsókn um byggingarleyfi fyrir borvatnsveitudæluhús við Kröflustöð. Húsið er 77,5 m², samsett úr tveimur húsum sem stóðu áður við Kárahnjúka.

Byggingarnefnd telur að fyrirhuguð bygging sé í samræmi við deiliskipulag og samþykkir því erindið.

Liður 12.

201009010– Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni, Austurhlíð, Skútustaðahreppi

Pétur Snæbjörnsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Birkilandi 14, Skútustaðahreppi. Húsið er tímurbús á steiptum kjallara 144 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Haraldi S. Árnasyni á H.S.Á. teikninstofu. Jafnframt er óskað eftir byggingarleyfi fyrir 20 m² gestahús á lóðinni.

Umætt hús er stærra en deiliskipulag heimilar, en það er 120 m². Meðfylgjandi umsókn er samþykki landeiganda og lóðarhafa Birkilands 10 fyrir fráviki frá deiliskipulagi. Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að erindið verði samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Bygginganefndar á liðum 10 og 11. Varðandi lið 12. þá frestar sveitarstjórn afgreiðslu á þeim lið, þar sem umrætt hús er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag á svæðinu og ekki hefur borist formlegt erindi um breytingu á skipulaginu.

5. Erindi frá Hermanni Emilssyni f.h. Landsvirkjunar.

Óskað er eftir leyfi til að útbúa bílastæði fyrir stóra, þunga dráttarbíla í nágrenni við Kröflustöð. Áætluð stærð plansins er 30x60 metrar og staðsetning skv. meðfylgjandi mynd.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik Jakobsson.